



Ríkisreikningur 2018 - sterk staða en breyttir tímar framundan

Nýjar reikningskilaaðferðir

Fjársýsla ríkisins birti nýlega ríkisreikning fyrir árið 2018 og er hann í annað sinn í samræmi við ný lög um opinber fjármál sem byggja meðal annars á alþjóðlegum reikningskilastöðlum fyrir opinbera aðila.

Árið 2017 var fyrsta árið í langan tíma þar sem einskis- og óreglulegir liðir höfðu ekki veruleg áhrif á rekstarniðurstöðu ríkissjóðs og sama má segja um 2018.

Skuldir lækka áfram að nafnvirði, en meira miðað við VLF

Heildarskuldir ríkissjóðs eins og þær birtast í efnahagsreikningi voru um síðustu áramót um 1.610 ma.kr., og höfðu lækkað um 3% milli ára að nafnvirði.


Lækkun skulda kemur að mestu leyti til vegna lækkunar langtímaskulda um u.þ.b. 6% milli ára. Skammtímaskuldir lækkuðu reyndar meira á árinu, en þar er um mun lægri upphæð að ræða. Ófjármagnaðar lífeyrisskuldbindingar voru 647 ma.kr. og jukust um 4,5% sem er meira en var 2017, þá hækkuðu þær um 1,3%. Lífeyrisskuldbindingar hækkuðu um rúm 20% milli árána 2015 og 2016 og um 17% árið þar á undan.

Vegna mikils hagvaxtar á síðustu árum hafa skuldir ríkissjóðs sem hlutfall af vergri landsframleiðslu lækkað mun meira en nafnvirði þeirra.


Afkoma í járnum

Samkvæmt ríkisreikningi var rekstrarafkoman 2018 jákvæð um 84 ma.kr. samanborið við 39 ma.kr. árið áður. Sé niðurstaða ársins metin á sama grunni og fjárlög¹ var niðurstaðan jákvæð um 38 ma. kr. sem er 5 ma.kr. meira en fjárlög gerðu ráð fyrir. Útgjöld ríkisins hafa aukist nokkuð hratt á síðustu árum í


Ferill tekujafnaðar ríkissjóðs



Skuldir ríkissjóðs - nafnvirði



Skuldir ríkissjóðs sem hlutfall af VLF



¹ Munurinn liggur í hreinni afkomu af hlutdeildarfélagum og samrekstri sem var jákvæð stærð um 31 ma.kr. 2018 og 41 ma.kr. 2017.



takt við auknar tekjur og bætta stöðu ríkissjóðs. Afleiðingar versnandi stöðu í hagkerfinu tóku að koma fram í rekstri ríkissjóðs á seinni hluta ársins 2018 og er því stefnt að því að draga úr útgjaldavexti ríkisins.

Tekjur og gjöld

Tekjur ríkissjóðs án fjármunatekna og afkomu af hlutdeildarfélögum og samrekstri námu 828 mö.kr. á árinu 2018 miðað við 783 ma.kr. árið áður, sem nemur 5,7% aukning. Skatttekjur eru yfirgnæfandi hluti af tekjum ríkisins. Tekjur af virðisaukaskatti vógu þyngst og námu 237 mö.kr., eða um 35% af tekjum. Skattar á tekjur og hagnað einstaklinga voru um 189 ma.kr., eða 29% af heildartekjum.

Á árinu 2018 námu gjöld ríkissjóðs að frádregnum fjármagnsgjöldum 828 mö.kr. samanborðið við 752 ma.kr. árið áður, sem er um 10% aukning.

Rekstrartilfærslur vógu þyngst og voru 303 ma.kr. Starfsmannakostnaður nam 252 mö.kr. Þar sem laun og launatengd gjöld námu 209 mö.kr. og gjaldfærðar lífeyrisskuldbindingar 42,0 mö.kr.


Útgjöld til málefna

Útgjöld til málefna að frádregnum rekstrartekjum voru um 822 ma.kr. á árinu 2018 samanborðið við 763 ma.kr. 2017. Aukningin var því 7,7%. Fjármagnskostnaður, ábyrgðir og lífeyrisskuldbindingar var langstærsti einstaki útgjaldaliðurinn en af eiginlegum útgjaldasviðum fór mest til sjúkrahúsaþjónustu, um 83 ma. kr. Næst stærsti útgjaldaliðurinn var málefni aldraðra, 74 ma.kr. Heilbrigðistengdu liðirnir sjúkrahúsaþjónusta, heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa og hjúkrunar- og endurhæfingarþjónusta nám samtals um 171 ma.kr., eða um 21% af útgjöldum ríkissjóðs.

Starfsmannakostnaður


Eins og áður segir nam starfsmannakostnaður A-hluta ríkissjóðs 252 mö. kr. á árinu 2018. Meðalfjöldi starfsmanna á árinu var um 17.600. Það þýðir að heildarkostnaður pr. starfsmann á mánuði var að meðaltali um 1.195 þús. kr. Sé þessi kostnaður borinn saman við tvo banka í eigu ríkisins kemur í ljós að kostnaðurinn við hvern starfsmann Íslandsbanka var næstum sá sami og hjá A-hluta ríkissjóðs og kostnaður pr. starfsmann

Tekjur ríkissjóðs - Ma.kr.




Heimild: Ríkisreikningur

Innbyrðis vægi skatttekna ríkissjóðs



Heimild: Ríkisreikningur

Stærstu útgjöld ríkissjóðs til málefna



Heimild: Ríkisreikningur




Landsbankans var eilítið hærri. Munurinn er þó ekki mikill.

Breyttir tímar framundan

Ríkisreikningur 2018 er væntanlega sá síðasti í bráð sem sýnir styrka stöðu ríkissjóðs og verulega árlega útgjaldaaukningu í takt við mikla aukningu tekna. Eins og fjármála- og efnahagsráðherra segir í inngangi reikningsins mun sú jákvæða afkoma ríkisins sem við höfum séð á síðustu árum lækka á næstu árum í takt við minni hagvöxt.

Laun og launatengd gjöld pr. starfsmann 2018



Heimild: Ríkisreikningur 2018, ársreikningar bankanna

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraeideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.